

## **Purfum að hafa fyrir frelsinu:**

Leiðtogar nýta sér ástandið til að koma á alls kyns reglubreytingum sér og elítunni í hag og setja jafnvel neyðarlög til að bæla niður mótmæli við ástandinu.

## **Góuþanki:**

Annars var Góa dóttir hans Þorra og hét mánuðurinn upphaflega góí.



# Litli Hver

03 t6l. 2022

# Góuþanki

Það eru ef til vill margir sem tengja góuna fyrst og fremst við íslenskan súkkulaðiframleiðanda sem er ef til vill ekki svo galið þar sem fyrirtækið heitir vafalítið í höfuðið á síðasta vetramánuðinum. Það er ætíð yndislegt við góuna að þá er lítið eftir af vetrinum. Í ljósi þess hve snjópungt er hjá okkur í vetur hefur góan ef til vill meiri þýðingu en ella. Síðasti mánuður vetrar, stutt í páska og svo tekur sumarið við. Þessi þriðji veiruvetur sem brátt er á enda sýnir okkur hvað tíminn er fljótur að líða og hverju við getum ekki vanist. Það er því dásamlegt að sigla inn í vorid og sumarið vonandi án allra takmarkana en lengra fer ég ekki með spána um faraldurinn.

Annars var Góa dóttir hans Þorra og hét upphaflega Góí. Hún var á sínum tíma numin á brott. Bræður hennar strengdu þess heit að finna hana. Nærtækt er að telja að Góan komi í kjölfarið á Þorra sem blótaði mikið á miðjum vetri (Þorablót) vegna þessarar sögu.


Ýmsar kenjar fylgja fornum mánuðum. Þar á meðal þessi sem konur áttu að við hafa. Þær áttu að fara fyrstar allra á fætur, ganga út fáklæddar fyrsta morgun í góu og bjóða hana í garð með þessari vísu:

Velkomin sértu, góa mín,  
og gakktu í bæinn;  
vertu ekki úti í vindinum  
vorlangan daginn.

***Kári og Benni***

# Forsíðumyndin

Forsíðumyndin að þessu sinni er tekin á Kýpur haustið 2021 í gríska hlutanum. Tílefnið er að í umræðu í klúbbnum barst talið að fjölþættum samskiptaleiðum í nútímanum. Það er álit margra að samskipti snúist að öllu leiti um ósýnilega þræði internets, hlaðvörp í skýjum og terabæt í blátönnum. Þessi mynd sýnir að flutningur hins ósýnilega fer fram með ýmsum hætti eins og fuglinn á myndinni segir kannski allt um.



Myndina tók Benni.

# Fagn ársins



Helgi tók þátt í myndaleik #lifshlaupsins og sendi inn nokkrar skemmtilegar myndir og setti á Instagramsíðu leiksins. Það var ekki að sökum að spyrja að hann rúllaði inn vinningum og sést hér með gjafabréf, verðlaun sem hann hlaut fyrir öflugar íþróttamyndir.

## Litli Hver

Útgefandi: Klúbburinn Geysir. Framkvæmdastjóri: Þórunn Ósk Sölvadóttir. Þeir sem unnu þetta blað: Helgi Halldórsson, Kári Ragnars, Benedikt, Sigga Nanna, Fannar, Heimilisfang: Skipholt 29. Sími: 551-5166 www.kgeysir.is. Facebook: Klúbburinn Geysir Instagram: klubburinn\_geysir

# Tölfræði fáránleikans

## Gamla konan

Lið Ítala hampar heimsbikar-num 1982

Mynd: <https://scroll.in/field/881809/a-brief-history-of-fifa-world-cup-spain-1982-when-brazil-thrilled-the-world-but-italy-won-the-cup>



Já stórlíð

Ítalíu, Juventus

„gamla hefðar-konan“, er

nokkuð á pari

við Barcelona í

að eiga hlutfall

leikmanna í

ítalska

landslíðinu á

HM. Fyrsta

sinn sem Ítalir

tóku þátt unnu

þeir mótið og

þá voru hvorki

1934	21	9
1938	21	2
1950	22	4
1954	22	4
1962	22	2
1966	22	3
1970	22	1
1974	22	6
1978	22	9
1982	22	6
1986	22	3
1990	22	5
1994	22	2
1998	22	5
2002	23	4
2006	23	3
2010	23	6
2014	23	5

fleiri né færri en níu Juventus menn í hóp. Sama var reyndar uppi á teningnum í Argentínu þegar heimamenn unnu mótið 1978. Ekki er gott að segja hvers vegna þeir voru færri þegar Ítalir urðu heimsmeistarar á Spáni fjórum árum síðar nema mútuhneykslið hafi haft einhver áhrif. Annað hneyskli hafði átt sér stað hjá Juventus sem var dæmt niður um deild þegar Ítalar urðu heimsmeistarar í Þýskalandi 2006. Þá átti félagið einungis þrjá fulltrúa í hóp en þeirra meðal voru Allesandro del Piero og Ginluca Buffon.



Mynd af vefsíðunni: <https://auto.howstuffworks.com/auto-parts/towing/equipment/accessories/tires-and-wheels.htm>

## Bratti klúbbfélaginn

### Á slóðum mafíunnar

Sagan segir af ólseigum og bröttum félagi í Klúbbnum Geysi sem hyggst leggja land undir fót og opna dekkja-verkstæði í Chicago. Jafnframt hefur heyrst að hann sé mikill stuðningsmaður Chigago Bulls allt frá tímum Michael Jordan og Scottie Pippen. Hann mun án efa sækja heimaleiki liðsins en spurning hversu langt hann ferðist fyrir útileikina. Spurður hvort hann hefði virkilega lyst á því að reka fyrirtæki í mafíuborginni, þar sem meðal annars kappar eins og Al Capone og Richard J. Daley hafa ráðið ríkjum segist kappinn enga fordóma hafa eftir öll ævintýrin og víða er misjafn sauður í mörgu fé. En fjárfestingakostir eru víða betri en á þessum fornu mobbaslóðum. Fjárfestingapæling þess bratta er að búa til gervigrasvelli úr hjólbörðum, sem yrði alger nýjung og bylting í körfuboltanum.

# Matseðill fyrir mars 2022



## Matseðill er birtur með fyrirvara um breytingar

**Alla daga er hægt að panta sér salatskál a la grande.**  
**Munið að panta samdægurs fyrir klukkan 10.00**

Mán.	Þri.	Mið.	Fim.	Fös.	Lau.
	1. Sprengidagur Saltkjöt og baunasúpa	2. Pastaréttur	3.  HLADBORD	4. Baunarétturinn vinsæli. Ávaxtagrautur	5.
7. Sveppasúpa og brauð	8. Fiskur í ofni, kartöflur og salat	9. Fylltar paprikur	10.  HLADBORD	11. Fish 'n chips Eplagrautur	12.
14. Klúbb- samloka	15. Slátur og grjónagrautur	16. Hakk og spaghetti	17.  HLADBORD	18. Pizza Bláberjagrautur	19. Opið hús
21. Gulróta- Súpa og brauð	22. Skötuveisla Skata og saltfiskur	23. Bjúgu, kartöflur, grænar baunir og sósa	24.  HLADBORD	25. Lambalæris- sneiðar, kartöflur og meðlæti. Apríkósu- grautur	26
28. Mexíkó- súpa	29. Siginn fiskur	30. Kjúklinga- réttur, hrísgrjón	31.  HLADBORD		

Hefur þú tillögur að skemmtilegri matseld og hugmyndir um að auka fjölbreytni á matseðli Klúbbsins Geysis? Mættu þá á eldhúsfund kl. 10:30 síðasta mánudag hvers mánaðar og taktu þátt í að móta heilsusamlegan og fjölbreyttan matseðil.

## Opnunartími og aðrar upplýsingar varðandi vinnumiðaðan dag og sóttvarnir

Öll starfsemi klúbbsins hefur verið með eðlilegu móti frá 2. febrúar eftir lokun og covidleiðindi í lok desember 2021 og janúar 2022.

Morgunmat er eins og áður frá kl. 8:30 til 9:15 og auðvitað kostar hann ekkert, matur verður eldaður, félagsleg dagskrá byrjar, auk hlaðvarps, tölvuvers og atvinnuleitarhóps.

**Tölvuverið** er á þriðjudögum Kl:  
11:15.

**Atvinnleitarhópurinn** er  
hálfsmánaðarlega á mánudögum kl:  
14:00

Aðrir fundir verða á sama tíma og þeir hafa verið á. Við munum auglýsa alla fundi á heimasíðunni.

Við fylgum sóttvörnum og verðum áfram með grímur þegar við náum ekki að viðhafa eins metra reglunni. Handþvottur og spritt er eitthvað sem við kunnum að nota og við höldum

### Athugið! Afmælisveisla félaga


Covid hefur valdið ruglingi í skipulagningu afmælisveislna undanfarna mánuði. Þess vegna verður afmælisveisla félaga sem áttu afmæli í desember, janúar, febrúar og mars haldin 29. mars.

## Spurning mánaðarins

Hver eftirtalinna daga er í  
uppáhaldi hjá þér,  
bolludagur, sprengidagur  
eða öskudagur?




**Fannar Þór:**  
Sprengidagur



**Benni:** Sprengidagur, já, já ekki spurning. Já -þú mátt hafa það eftir mér.



**Pathe Medoune Sarr:**  
Öskudagur



**Kristjana:** Bolludagur

# Þurfum að hafa fyrir frelsinu

Stórfelldar frelsisskerðingar hafa átt sér stað í heiminum síðan þessi svokallaði „faraldur“ byrjaði upp úr vetrinum 2019 í Wuhan, Kína. Samkomutakmarkanir, nálægðartakmörk, handsprittun, grímunotkun, sóttkví, einangrun, sýnatökur, útivistarbönn, sektir við því að fara úr einangrun, sektir við að fara út á meðan útgöngubann er í gangi, einangrunarbúðir fyrir fólk með einkenni en ekki bara veikindi, ofsahræðslu áróður fréttastöðvanna, einhliða fréttaflutningur og ritskoðun á málflutningi almennings jafnt sem fróðra manna, staðreyndum og tilgátum.

Árásir á fólk með aðrar skoðanir en heildin sem er leidd áfram af stóru fréttastöðvunum og slaufunar menningin sem er orðin allt of stórtæk í dag. Allir þessir minnihlutahópar sem „fara eftir reglum“ (LGBT samfélagið, BLM, METOO) eru upphafðir yfir hinn almenna meirihluta, sem á bara að halda kjafti og virða og vingast við þessa hópa án athugasemda og leyfa innleiðingar og breytingar sem verða af völdum þessa nýpopúlisma og ef eitthvað er spurt eða sagt athugasvert við þessa „væðingu“ þá eru orð



Höfundur þenkir stöðuna

eins og rasisti, þjóðernissinni, bigoti, kvennahatari, homophobe, notuð til að skjóta fólk og þeirra skoðanir og spurningar niður. Hins vegar er minnihlutahópurinn sem ekki fær þessa virðingu og aðstoð fjölmiðla og Ríkis, sá hópur sem er óbólusettur og vill ekki láta bólusetja sig með tilraunaefnum vegna ýmissa ástæðna, bæði lagalegra, persónulegra og læknisfræðilegra, gerður að óvini ríkisins og jafnvel gengið svo langt að kalla fólkið „hryðjuverkamenn“.



<https://www.vox.com/policy-and-politics/22926134/canada-trucker-freedom-convoy-protest-ottawa>  
Frá mótmælum í Kanada

Þetta er ekki ásættanlegt ástand á heiminum í dag. Leiðtogar nýta sér ástandið til að koma á alls kyns reglubreytingum sér og elítunni í hag og setja jafnvel neyðarlög til að bæla niður mótmæli við ástandinu. Tökum sem dæmi mótmæli trukkabílstjóranna í Kanada, mótmæli sem eru búin að breiðast út um víðan heim. Yfir 90% trukkara eru bólusettir en þeir styðja þá sem vilja fá að ráða yfir sínum

# Pósturinn

líkama og sætta sig ekki við nauðungarbólusetningar eða hvað þá bólupassa til að geta komist yfir landamærin USA til Kanada með vörur!

Justin Trudeau, forseti Kanada fór í felur þegar mótmælin stóðu sem hæst. Forstjóri Moderna segir upp eftir að hafa tekið milljónir úr sjóð fyrirtækisins. Johnsson og Johnsson fyrirtækið (sem framleiddi líka bóluefni gegn COVID-19) ákært fyrir hættuleg efni í barnapúðri. Pfizer (sem m.a. eru aðal styrktaraðilar margra sjónvarpsstöðva í BNA) er að stórtapa fé eftir að hlutabréf þeirra féllu.

Það er hellingur að gerast í heiminum sem Ríkissjónvarpið og fleiri innlendar stöðvar eru ekki að segja okkur frá og við þurfum að hafa fyrir því að horfa á fréttatvöng erlendra stöðva og lesa erlendar fréttasíður til að sjá allt þetta í stóru samhengi.

Ef okkur er annt um okkar persónulega frelsi, þá þurfum að hafa fyrir því. Frelsið er undir árás. Verum málefnaleg, rökhyggjúsöm, hlustum á skoðanir annarra og metum þær að verðleikum, vinnum saman, stöndum saman í að berjast fyrir okkar réttindum og ekki trúna bara hvaða fréttum sem er án þess að rannsaka staðreyndir málsins. Það er stanslaus hræðsluáróður í gangi á stóru fréttastöðvunum til að stýra okkar skoðunum og hugsunum og við þurfum ekki að hlusta á hann frekar en við viljum. Veljum hvað við horfum og hlustum á. Verum sjálfstæð og sterk!

***Fannar Þór***

Gvöð ég var að lesa síðasta Litla -Hver og ég fékk bara tár í augun þegar ég sá að þið sóknudú mín.

Sko ég er búin að vera svo bissý (sko kann ekki ensku) ég bara gleymdi mér alveg. Við kæró áttum alveg frábær jóla saman, við vorum bara ein og það var gott. Nú, svo fórum við til mömmu og pabba um áramótin og þá var nú mikið gaman og mikið fjör. En hvað um það, sko við kæró erum rosalega happy og erum miklir knúsarar.

Það er ein spurning sem mig langar að spyrja ykkur:

***Vitið þið eitthvað hvernig baðbomba virkar, hvað gerist og þannig?***

Vinur okkar hér í frystihúsinu var að segja okkur að fá okkur þannig því að við værum svo miklir knúsarar, en ég veit ekki hvort hann er að gera at í okkur eða þannig. Vonandi getið þið hjálpað mér. Kær kveðja,  
Dódo á Dalatanga

## Besta kaffið



Gísli lætur renna í könnunna af miklu listfengi

Var að keyra um daginn með Rikka Crocker. Allt í einu langar mig í kaffi. Rikki sagði að besta kaffið væri ókeypis. Við rúntuðum um allan bæ en enduðum í Klúbbnum Geysi. Þar er besta kaffið.

# Litli Hver



Clubhouse International  
Creating Community: Changing the World of Mental Health

## Geðheilsa er líka heilsa

### Félagsleg dagskrá í mars

#### Fimmtudagur 3. mars

Bíó, ákvörðun um mynd verður tekin á húsfundi 2. mars.

#### Fimmtudagur 10. mars

Listasafn Reykjavíkur - *Eins langt og augað eygir*. Lagt af stað frá Geysi kl. 15.00

#### Fimmtudagur 17. mars

Hermikappakstur, GT-akademian. Nánar auglýst síðar.

#### Laugardgur 19. mars

Opið hús í Geysi 11.00 - 14.00

#### Fimmtudagur 24. mars

Klifurhúsið. Nánar auglýst síðar

#### Fimmtudagur 31. mars

Opið hús í Geysi frá kl. 16.00 - 19.00

### Stemningsmyndir úr starfinu



### Félagi mánaðarins



**Gísli Richardsson** er félagi mánaðarins að þessu sinni. Hann hefur verið félagi í Geysi í 22 ár. Gísli hefur sótt klúbbinn öll þessi ár á milli þess sem hann hefur verið í vinnu, en síðast var hann hjá netaverkstæði Hampiðjunnar. Spurður hvað sé honum eftirminni-legast og honum efst í huga frá þessum árum. „Það er þegar ég braut niður vegginn í eldhúsinu rétt eftir að klúbburinn hafði fest kaup á Skipholti 29.“

Annars hjálpar guð þeim sem hjálpa sér sjálfir, bætir hann við í lokin.

Afmælisveisla félaga sem áttu afmæli í desember, janúar, febrúar og mars verður haldin þriðjudaginn 29. mars kl. 14:00